

Færeyjaferð Karlakórs KFUM sönglög:

Birtir af degi

Birtir af degi, dásamlegt undur,
dýrð Guðs ég eygi' í morgunsins glóð.
Þrastafjöld hljómar, skríkjandi' í skógi,
sköpun öll ómar lofgjörðaróð.

Daggir á grundu glitrandi ljóma,
glóa um stund við árdagsins ljós.
Blómstrandi svörðinn skaparinn skryðir,
skínandi jörðin ber honum hrós.

Millispil

Sólbjartur dagur lýsir upp líf mitt,
ljómandi fagur, umvefur mig.
Lof sé þér, faðir, fyrir hvern morgun,
fagnandi, glaður tigna ég þig.

Eleanor Farjeon - Gunnar J. Gunnarsson

Eins og hind

Eins og hind leitar lindarvatnsins (tenórar einir)
þannig leitar hjarta mitt, (tenórar einir)
Guð, að þér uns það fyllist friði, bassar: ú ú ú ú
er það finnur upphaf sitt. bassar: ú ú ú ú

Kór:

Skjöldur, hlíf mín og hjálp ert þú.
Mín heitust löngun og bæn er sú,
Drottinn, einum að þóknast þér bassar: ú ú ú ú
og að þjóna hvar sem er. bassar: ú ú ú ú

Konungstign þín er öllum æðri, (tenórar einir)
samt þú elskar sérhvern mann, (tenórar einir)
ert sá bróðir og besti vinur, bassar: ú ú ú ú
sem ei bregst, þótt svíki hann. bassar: ú ú ú ú

Gull og silfur ég girnist ekki, (tenórar einir)
því mín gæfa er í þér, (tenórar einir)
gleðilindin, er lengi' eg þráði, bassar: ú ú ú ú
sem allt lífið endist mér. bassar: ú ú ú ú

Lilja S. Kristjánsdóttir

Hallelúja

Þú gafst mér Jesús gleði' og frið,
ég gat sem barn þig talað við
og sorgin aldrei ýfði sálu mína,
tilveran var traust og hlý,
tært var loftið hvergi ský,
og tilvalið að hrópa hallelúja
Hallelúja 4X

Táningsára öldurót
eftir það mér kom í mót.
Bjartar vonir brugðust eins og gengur.
Oft var kalt og oft var heitt,
eigi skildi ' eg þetta neitt
en samt ég reynd'að segja hallelúja.
Hallelúja 4X

Nú leiðst við höfum langan veg,
ljúfi Jesús, þú og ég
Þú gafst mér styrk ég stóð í skjóli þínu.
Er vinir brugðust, von og þrá,
varstu Drottinn enn mér hjá,
skýlið mitt og skjöldur hallelúja.
Hallelúja x4

Hækkun

Þú barst mig gegnum erfið ár,
og öll mín græddir hjartasár,
enginn vinur er sem Drottinn Jesús,
er burt hann fór hann býr mér stað
og brátt ég fæ að reyna það
í sölum þeim að syngja hallelúja
Hallelúja x8

Leonard Cohen /Jóhanna Karlsdóttir

Drottinn er minn hirðir (Sálmur 23)

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal óttast ég ekkert illt
því þú ert hjá mér, sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir féndum mínum.
Bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.

Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

Heyr himnasmiður

Heyr himna smiður
hvers skáldið biður.
Komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heiti' eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig.
Minnst mildingur mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjarta borg.

Gæt, mildingur mín,
mest þurfum þín,
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjjar mögur,
málsefni fögur.
Öll er hjálp af þér
í hjarta mér.

Þú Íslands lýður

A-a-a-a-a

Þú Íslandslýður, ó lít til baka
þótt logheit sviði á hvörmum tár,
því harmar tíðum og hungurvaka
hér háðu stríð sitt í þúsund ár,
hér háðu stríð sitt í þúsund ár.

Og frelsisblómin þín fyrnska hylur
og frægðarljóminn hlaut banasár.
Með sorgarrómi vor saga þylur
um sundrung tóma í þúsund ár,
um sundrung tóma í þúsund ár.

En nótt er liðin, nú ljómar dagur,
svo lúttu' ei niður með signar brár.
Ef Guð þú biður, þá breytist hagur
og blómgast friður í þúsund ár,
og blómgast friður í þúsund ár.

Ef hátt þú stefnir og hræðist eigi
og hrindir svefni og þerrar tár,
og Herrann nefnir til halds á vegi
hann heit sín efnir í þúsund ár,
hann heit sín efnir í þúsund ár.

sr. Friðrik Friðriksson

Texti: Kolbeinn Tumason (1208)

Ég vil elska mitt land

Ég vil elska mitt land, ég vil auðga mitt land,
ég vil efla þess dáð, ég vil styrkja þess hag.
Ég vil leita' að þess þörf, ég vil létta þess störf,
ég vil láta það sjá margan hamingjudag.

Þetta' er játningin mín, kæra móðir til þín,
ég get miklast af því, að ég sonur þinn er.
Það er svipurinn þinn er í sál mér ég finn.
Hann er samgróinn öllu því besta hjá mér.

Guðmundur Magnússon (Jón Trausti)

Ísland, Ísland, eg vil syngja

Ísland, Ísland! Eg vil syngja
um þín gömlu traustu fjöll,
þína hýru [dali] heiðardali, (grænt: bara bassar)
hamraskjól og vatnaföll;
þína fögru fjarðarboga,
frjálsan blæ og álftasöng,
vorljós þitt og vetrarloga,
vallarilm og birkigöng.

Ísland, Ísland! Eg vil búa
alla stund í faðmi þér;
huga minn og [hjarta] hjarta áttu, (grænt: bara bassar)
hvert sem vængi lífs míns ber.
Vættatryggðin vaki yfir
vogum þínum, hlíð og strönd,
.:, meðan ást og óður lifir
og í norðri blómgast lönd. .,:

Hulda

Vorið góða

Það seytlar inn í hjarta mitt
sem sólskin fagurhvítt,
sem vöggukvæði erlunnar,
svo undur fint og blítt, (*og blítt*) (*Bassar*)
sem blæilmur frá víðirunni,
- vorið grænt og hlýtt.

(*Veikar*)

Ég breiði' út faðminn, heiðbjört tíbrá
hnígur mér í fang.
En báran kyssir unnarstein
og ígulker og þang. (*og þang*) (*Bassar*)
Nú hlæja loksins augu mín,
- nú hægist mér um gang.

Því fagurt er það, landið mitt,
og fagur er minn sjór.
Og aftur kemur yndi það,
sem einu sinni fór. (*og brátt*) (*Bassar*)
Og bráðum verð ég fallegur
- og bráðum verð ég stór.

Jóhannes úr Kötlum

Lífsmynd

Ég enn tel mig ungan og enn á góðum stað.
Mig vantar ekki, vinur minn, vottorð upp á það.
Ég vöggustundir víst ei man, né vissi hvað mín beið.
Nú hef ég aldur hlotið til að hyggja' að minni leið.

Kór1:

Ég vil elska, ég vil syngja,
ég vil faðma kærleikann,
ég vil veg þann feta (frjáls)
(þar sem) finn ég sannleikann.

Lífið er mitt listaverk, ég lita það hvern dag.
Þótt mér hlotnist hundrað ár ég hef ei á því lag.
Von mín er að myndin mín sé mildum skuggum gædd,
með þjóðum vekti frelsisþrá, já, þeim sem eru mædd.

Kór2:

Ég vil elska, ég vil lifa,
ég vil syngja friðarljóð,
með öllum (þeim sem) ætíð (þrá)
ást með hverri þjóð.

Kór 3:

Vilja gráta, (vilja) hlæja,
(vilja) frið á (okkar) jörð.
(Vilja) byggja' (upp trú og) tillit
(og um) traustið standa vörð.
La, la ... / Dudum, dudum ...

Lag og texti: Steintór Rasmussen
Gunnar J Gunnarsson þýddi
raddsetning fyrir karlakór: Bjarni Gunnarsson

My Lord, What a Morning

My Lord, What a Morning (einraddað)
My Lord, what a mornin' (einraddað)
My Lord, what a mornin'
My Lord, what a mornin'
when the stars begin to fall.

You'll hear the trumpet sound
to wake the nations underground.
Looking to my God's right hand,
when the stars begin to fall.

Oh, oh
My Lord, what a mornin'
My Lord, what a mornin'
My Lord, what a mornin'
when the stars begin to fall.

You'll hear the sinners mourn,
to wake the nations underground.
Looking to my God's right hand,
When the stars begin to fall.

My Lord, What a Morning (einraddað)
My Lord, what a mornin' (einraddað)
My Lord, what a mornin'
My Lord, what a mornin'
when the stars begin to fall.

You'll hear the trumpet sound
to wake the nations underground.
Looking to my God's right hand,
when the stars begin to fall.
when the stars begin to fall.

Nobody knows

Nobody knows the trouble I've seen
Nobody knows but Jesus
Nobody knows the trouble I've seen,
Glory Hallelujah!

Sometimes I'm up, sometimes I'm down
Oh, yes, Lord!
Sometimes I'm almost to the ground,
Oh, yes, Lord!

Nobody knows the trouble I've seen
Nobody knows but Jesus
Nobody knows the trouble I've seen,
Glory Hallelujah!

Altho' you see me goin' long so,
Oh, yes, Lord!
I have my trials here below,
Oh, yes, Lord!

Amazing grace

1. Amazing grace, how sweet the sound
That saved a wretch like me.
I once was lost, but now I'm found
Was blind, but now I see.
2. 'Twas grace that taught my heart to fear
His grace my fears relieved.
How precious did that grace appear
The hour I first believed.

Millispil

3. Through many dangers, toils and snares
I have already come.
'Twas grace that brought me safe thus far
And grace will lead me home,
And grace will lead me home,
And grace will lead me home.

Gonna ride/Swing low

Part 1:

Gonna ride on a cheriot grand
to that great home in the sky.
Gonna play in that heavenly band
when I get there by and by.

Gonna ride to glory
all dressed up in a golden gown.
Gonna meet my maker.
Yes, my chariots heaven bound.

Part 2:

Swing low, sweet cheriot
comin' for to carry me home.
Swing low, sweet chariot,
comin' for to carry me home.

I looked over Jordan and what did I see
comin' for to carry me home?
A band of angels comin' after me,
comin' for to carry me home.

Negrasálmár / Jill Gallina

Down by the Riverside

Gonna lay down my burden! (Milliraddir)

-- away down (2.bassi)

Down by the riverside, x3

Gonna lay down my burden (Milliraddir)

-- away down (2.bassi)

Down by the riverside

to study war no more.

I aint'a gonna study war no more!

I aint-a gonna study war no more,

I aint-a gonna study war no more,

I aint-a gonna study war no more,

I aint-a gonna study war no more!

Aint-a gonna study war no more!

Gonna meet my King Jesus! (Milliraddir)

-- away down (2.bassi)

Down by the riverside, x3

Gonna meet my King Jesus! (Milliraddir)

-- away down (2.bassi)

Down by the riverside

to study war no more.

Gonna Talk with the Prince of Peace! (Milliraddir)

-- away down (2.bassi)

Down by the riverside, x3

Gonna Talk with the Prince of Peace! (Milliraddir)

-- away down (2.bassi)

Down by the riverside

to study war no - more.

Um alla eilífð

Um alla eilífð lofa ég minn Guð af lífi' og sál
og heiðra nafn hans í ljóði og söng.

Allt böi og mæða burtu viku, kemur bænamál
og ég fæ fundið blessun Drottins dægrin löng.

(Hann er dýrðar faðir)

Hann er dýrðarfaðir og fullur kærleika

Hann er almáttugur Drottinn og Guð. O-o-ó.

Guðni Einarsson

Ég er kominn heim

(2. tenór með laglínuna)

Er völlum græur og vetur flýr (Ú-Ú)

og vermir sólin grund. (Ú-Ú)

Kem ég heim og hitti þig, (A-A)

verð hjá þér alla stund. (A-A hjá þér alla stund)

Við byggjum saman bæ í sveit (Ú - Ú)

sem blasir móti sól. - (Ú - Ú)

Þar ungu lífi landið mitt (A-A)

mun ljá og veita skjól. (A-A Ljá/ og/ veit-a)

Allir:

Sól slær silfri á voga,

sjáðu jökulinn loga. (Ú)

Allt er bjart fyrir okkur tveim,

því ég er kominn heim. (A)

(1. Tenór:)

Að ferðalokum finn ég þig (Ú - Ú)

sem mér fagnar höndum tveim. (Ú - Ú)

(A-A/Ég er kominn heim)

(2. Tenór:)

já, ég er kominn heim, (A-A) (Ljá/og/veit-a)

(Allir:)

Sól slær silfri á voga,

sjáðu jökulinn loga. (Ú)

Allt er bjart fyrir okkur tveim,

því ég er kominn heim. (A)

(1. tenór:)

Að ferðalokum finn ég þig (Ú - Ú)

sem mér fagnar höndum tveim. (Ú - Ú)

(2.tenór:)

Ég er kominn heim, (AA)/ já, ég er kominn (AA)

(Allir:) Ég er kominn heim.

Rís upp, Guðs eigin sveit

Rís upp, Guðs eigin sveit,

lát af að hugsa smátt.

Þitt hjarta, sál og hug, þinn mátt

þú helga Kristi átt.

Rís upp, Guðs eigin sveit

með einhug fram á leið.

Þá birtir yfir bræðrasveit

er berst gegn illsku' og neyð.

Rís upp, Guðs eigin sveit

og óttast ekkert illt.

Er ríki Guðs þú leggur lið

þú lofa Guðs son vilt.

Rís upp, Guðs eigin sveit,

fylg eftir sporum hans.

Sem bróður átt Guðs einkason,

rís upp, Guðs eigin sveit.

Guðlaugur Gunnarsson þýddi

Sveinar kátir syngið

Sveinar kátir, syngið
saman fjörug ljóð.
Æskusöngvum yngið
elliprungið blóð.
:,: Þráir söng vor sál,
söngsins unaðsmál. :,:
Bjarni Jónsson

Þakkarbæn

Vér biðjum þig, Drottinn, að blessa þá hrjáðu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa,
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu,
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og léttir oss göngu í stormanna klið.
Frá ánaud og helsi gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær! Ó, Guð, veit oss frið.
Veit oss þinn frið!

Óskar Ingimarsson

Ó, þá náð að eiga Jesú

Ó, þá náð að eiga Jesú
einkavin í hverri þraut.
Ó, þá heill að halla mega
höfði sínu' í Drottins skaut.
Ó, það slys því hnossi' að hafna,
hvílíkt fár á þinni braut,
ef þú blindur vilt ei varpa
von og sorg í Drottins skaut.

Eigir þú við böll að búa,
bíðir freistni, sorg og þraut,
óttast ekki, bænin ber oss
beina leið í Drottins skaut.
Hver á betri hjálp í nauðum?
Hver á slíkan vin á braut,
hjartans vin, sem hjartað þekkir?
Höllum oss í Drottins skaut.

Ef vér berum harm í hjarta,
hryggilega dauðans þraut,
þá hvað helst er Herrann Jesús
hjartans fró og líknar skaut.
Vilji bregðast vinir þínir,
verðirðu' einn á kaldri braut,
flýtt þér þá að halla' og hneigja
höfuð þreytt í Drottins skaut.

Scriven - Sb. 1886 - Matthías Jochumsson